

Nd.

184. Nefndarálit

[15. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 50/1971.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundi í dag. Nefndinni hafði borizt bréf frá Fiskveiðilaganefnd, þar sem nefndin gerði grein fyrir þeim breytingartillögum, sem samkomulag hafði náðst um í nefndinni, auk þess sem greinargerð Fiskveiðilaganefndar fylgdi með bréfinu.

Sjávarútvegsnefnd Nd. flytur að beiðni Fiskveiðilaganefndar tillögur um eftirtaldar

BREYTINGAR:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 3. mgr. 1. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar að veita leyfi til loðnuveiða í landhelgi með flotvörpu. Getur ráðherra bundið leyfið þeim skilyrðum, er hann telur nauðsynleg. Skal það varða sviptingu veiðileyfa, ef bolfiskur er veiddur í þetta veiðarféri.

2. Við 3. gr. Framan við greinina bætist:

Á eftir lið C2 í 2. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi nýr liður, svo hljóðandi:

C3. Frá línu réttvísandi suðaustur af Selskeri að 18° vestlægri lengd er heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er 12 sjómíllur utan við grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

3. Á eftir 3. gr. komi ný grein (verður 4. gr.), er orðist svo:

Á eftir 3. gr. laganna (sbr. l. nr. 21/1969) komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (4. gr.) Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talizt, og skal þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna gegn því. Er ráðuneytinu heimilt með tilkynningu að loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.
- b. (5. gr.) Þrátt fyrir ákvæði laga þessara getur sjávarútvegsráðuneytið auglýst ný friðunarsvæði og breytingar á eldri friðunarsvæðum, enda hafi áður verið leitað álits Hafrannsóknastofnunarinnar um slíkar ákvarðanir.

c. (6. gr.) Sjávarútvegsráðuneytið skal beita sér fyrir auknu eftirliti með veiðum fiskiskipa innan fiskveiðilögsögunnar, þar sem megináherzla er lögð á að fylgjast með veiðarfærabúnaði skipanna, stærð þess fisks, sem veiddur er, svo og öðru því, er við kemur vernd fiskistofnanna.

Aðrar greinar laganna breyti um röð í samræmi við þetta, þannig að 4. gr. verður 7. gr. o. s. frv.

4. Á eftir 3. gr. komi ný grein (verður 5. gr.), er orðist svo:

Í stað orðanna „til ársloka 1972“ í 8. gr. laganna (sbr. lög nr. 21/1969 og lög nr. 89/1971) komi: til 15. maí 1973.

Nefndin varð sammála um þessa afgreiðslu, en einstakir nefndarmenn áskildu sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 14. des. 1972.

Garðar Sigurðsson,
form., frsm.
Karvel Pálmason.

Stefán Gunnlaugsson,
fundaskr.
Guðl. Gíslason.
Björn Pálsson.

Jón Skaftason.
Pétur Sigurðsson.